



1. útgáfa 24.01.2011

## Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

### 1. Vöruheiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

|                       |   |
|-----------------------|---|
| <b>Vöruheiti:</b>     | <b>SBP Bensín (White fuel) 1 Ltr.</b>                           |
| <b>Vörunúmer:</b>     | <b>A99 709101</b>   |
| <b>Notkunar svið:</b> | Lífrænt leysiefni, alkanar                                      |
| <b>Framleiðandi:</b>  | <b>Chemex Products ApS</b><br>Øster Madevej 8, DK-6200 Aabenraa |
| <b>Söluaðili:</b>     | <b>N1</b><br>Dalvegur 10-14<br>201 Kópavogur<br>440 1000        |
| <b>Sími:</b>          |   |
| <b>Netfang:</b>       | <a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>                          |
| <b>Veffang:</b>       | <a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>                        |

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

### 2. Hættugreining

|                      |   |
|----------------------|---|
| <b>Áhrif á fólk:</b> | Efnið telst varasamt fólk, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.   |
|                      | Hættuflokkun: F, N, Xi, Xn; Eit. á æxlun, Und.fl.3, H11,H38,H48/20,H51/53, H62, H65, H67  |
|                      | Getur dregið úr frjósemi. Hættulegt, hætta er á alvarlegu heilsutjóni í sneringu við húð við langvarandi notkun. Hættulegt, getur valdið lungnaskaða við inntöku. Ertir húð. Gufa getur valdið sljóleika og svima. Langvarandi áhrif af n-hexan gea náð til miðtaugakerfis. Endurtekin snering getur valdið þurri og sprunginni húð |
|                      | Afar eldfimt.<br>Efnið getur gefið frá sér gufu, sem myndar eld-/spengifíma blöndu með lofti.<br>Efnið getur hlaðist stöðurafmagni sem myndað gæti neista.  |

Sjá einnig 11. og 15. lið.

|                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Áhrif á umhverfi:</b> | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
|--------------------------|---|

Efnið ber eingöngu að nota af fagmönnum skv. lið 1.

Sjá einnig 12. lið.

### 3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

| Innihaldsefni:               | EB-nr.     | CAS-nr.    | Styrkur % | H.-setn. nr.  | Hættuflokkun |
|------------------------------|------------|------------|-----------|---|--------------|
| Nafta (vetnismettuð jarðóla) | 265-150-3  | 64742-48-9 | 100%      | H11,H38,H48/20,H62,<br>H51/53, H65,H67, Eit. á<br>æxlun, Und.fl.3<br>Ath.semnd H, Ath.semnd P | F,Xi,Xn,N    |
| Cyklohexan                   | 203-806-2  | 110-82-7   | 1-5%      | H11,H38, H50/53,<br>H65,H67   | F,Xi,Xn,N    |
| Hexan (ísómerablanda)        | án n-hexan | án n-hexan | 40-50%    | H11,H38, H51/53,<br>H65,H67   | F,Xi,Xn,N    |
| n-Hexan                      | 203-777-6  | 110-54-3   | 50-60%    | H11,H38,H48/20,H62,<br>H51/53, H65,H67, Eit. á<br>æxlun, Und.fl.3                             | F,Xi,Xn,N    |

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.  
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

### 4. Skyndihjálp

|                 |   |
|-----------------|---|
| <b>Almennt:</b> | Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. |
|-----------------|---|

Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi

|                           |   |
|---------------------------|---|
| <b>Inntaka:</b>           | Gefið hinum slasaða nægt vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Leitið strax læknis. Framkallið <b>ekki</b> uppköst.  |
| <b>Innöndun:</b>          | Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið strax læknis, verði vart við svima, öndunarerfiðleika eða ógleði. |
| <b>Snerting við húð:</b>  | Þvoið strax með sápu og miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.  |
| <b>Snerting við augu:</b> | Leitið augnlæknis verði vart við ertingu. Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun.   |
| <b>Annað:</b>             | Fólk með taugasjúkdóma ætti að forðast snertingu við hexan.   |

## 5. Bruni - slökkviaðgerðir

|                                  |  |
|----------------------------------|--|
| <b>Almenn viðbrögð:</b>          | Rýmið svæði. Fjarlægjið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða. Hafi ekki kviknað í efninu, notið vatn til að dreifa gufu og til að vernda nærstadda. Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Slökkvilið ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað. |
| <b>Slökkvibúnaður:</b>           | Vatnsúði, slökkviduft, alkóhólþolin froða, eða koldíoxíð. Sprautið ekki beint á eld.   |
| <b>Sérstakar hættur.</b>         | Mjög eldfimt. Gufa er eldfim og þyngri en andrúmsloft. Gufa getur borist nokkra leið með gólfi eða yfirborði, og valdið íkveikju í öllu efninu.  |
| <b>Hættuleg myndefni:</b>        | Reykur, gufur, hálfbrunnin efni, kolmónoxíð.   |
| <b>Sérstakur hlífðarbúnaður:</b> | Notkun fer eftir umfangi eldsvoðans. Mælt er með notkun á hlífðarbúnaði til að hindra snertingu við augu og húð. Öndunarbúnaður getur reynst nauðsynlegur í lokuðum rýmum.   |

## 6. Efnaleki

|                                  |  |
|----------------------------------|--|
| <b>Öryggisráðstafanir:</b>       | Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Hafið samband við hlutaðeigandi yfirvöld. haldið fólk fjarri. Forðist snertingu við efnið. Tryggið góða loftræstingu.. Fjarlægjið alla eld- eða neistagjafa. Reykið ekki. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Draga má úr uppgufun með froðu. Notið áhöld sem ekki mynda neista. Vatnsúði getur dregið úr uppgufun en hindrar ekki íkveikju í lokuðum rýmum. |
| <b>Ráðstafanir v. umhverfis:</b> | Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn, jarðveg eða lokuð rými.  |
| <b>Hreinsunaraðferðir:</b>       | Notið óbrennanleg ísogsefni t.d. sand, mold eða kísilgúr til að hreinsa efnið upp. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Berist efnið í vatn, notið búnað til hreinsunar á olíumengun.   |

## 7. Meðhöndlun og geymsla

|                           |   |
|---------------------------|---|
| <b>Meðhöndlun:</b>        | Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Gufa getur myndast við kröftuga hrærslu. Forðist innöndun gufu, úða eða ryks. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki fæðu, né reyki á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8. Efnið getur hlaðist stöðurafmagni sem myndað gæti neista. Jarðtengið ílát ef unnt er. Notið verkfæri sem mynda neista. |
| <b>Geymsla:</b>           | Geymið í vel luktum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Mælt er með geymslu utan dyra. Meðhöndlið umbúðir af varúð. Tryggið aðgang að nægu vatni. Jarðtengið umbúðir. Opnið ílát hægt vegna hugsanlegs yfirþrýstings. Notið sjálflokandi ventla. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.   |
| <b>Gerð umbúða:</b>       | Kolefnisstál, ryðfrítt stál, polýetýlen, polýprópylen, polýester, teflon.   |
| <b>Ónothæfar umbúðir:</b> | Náttúrulegt gúmmí, bútýlgúmmí, EDPM gúmmí, pólýstýren.  |

## 8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Hættuleg innihaldsefni:

|                       | 8 klst ppm | 8 klst mg/m <sup>3</sup> | Þakgildi<br>15mín ppm | Þakgildi<br>15mín mg/m <sup>3</sup> |
|-----------------------|------------|--------------------------|-----------------------|-------------------------------------|
| Cyklohexan            | 50         | 172                      |                       |                                     |
| Hexan (ísómerablanda) | 200        | 700                      |                       |                                     |
| n-Hexan               | 20         | 72                       |                       |                                     |

|                              |  |
|------------------------------|--|
| <b>Almennar ráðstafanir:</b> | Tryggið fullnægjandi sprengitryggða loftræstingu með útsogi á staðnum.   |
| <b>Persónuhlífar:</b>        |  |
| <b>Öndunarfæri:</b>          | Nauðsynlegt getur reynst að nota öndunargrímur/öndunarbúnað<br>Val, notkun og viðhald á búnaði skal vera í samræmi við reglur Vinnueftirlitsins.<br>Síugerð: A (EN 136,140 og 405 (grímur), EN 149, 143 (síur).<br>Notið sjálfstæðan öndunarbúnað sé mengun mikil. |
| <b>Hendur:</b>               | Notið efnaþolna hanska við endurteknar notkun. Efni: bútýlgúmmí eða nitríl. (EN 420 / 374)<br>Skiptið oft um hanska.   |
| <b>Húð:</b>                  | Notið efnaþolinn hlífðarklæðnað.   |
| <b>Augu:</b>                 | Notið öryggisgleraugu.   |
| <b>Umhverfi:</b>             | Neysið einskis meðan á notkun efnisins stendur. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er.<br>Hreinsið vandlega allan mengaðan klæðnað og búnað.  |

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

|                                     |                                 |
|-------------------------------------|---------------------------------|
| <b>Eðlisástand:</b>                 | Tær vökvi                       |
| <b>Lykt:</b>                        | Fremur dauf olíu/leysiefnalykt. |
| <b>Sýrustig (pH):</b>               | -                               |
| <b>Storkunarmark:</b>               | <-60°C                          |
| <b>Suðumark:</b>                    | 65-70°C                         |
| <b>Blossamark:</b>                  | -18°C                           |
| <b>Sjálftendrun::</b>               | 280°C                           |
| <b>Lægri kveikimörk (í lofti):</b>  | 1,20%                           |
| <b>Hærri kveikimörk (í lofti):</b>  | 8,30%                           |
| <b>Gufuþrýstingur 20°C:</b>         | 17,6 kPa                        |
| <b>Gufuþrýstingur 50°C:</b>         | 59,1 kPa                        |
| <b>Eðlismassi:</b>                  | 0,68 kg/L                       |
| <b>Eðlismassi gufu (loft=1):</b>    | 2,9                             |
| <b>Leysni:</b>                      |                                 |
| <b>Vatnsleysni:</b>                 | Hverfandi                       |
| <b>Deilistuðull n-oktanól/vatn:</b> |                                 |

Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

|                                    |  |
|------------------------------------|--|
| <b>Stöðugleiki:</b>                | Stöðugt við venjulegar aðstæður.                           |
| <b>Aðstæður sem ber að varast:</b> | Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.        |
| <b>Efni sem ber að varast:</b>     | Sterk oxunarefni.  |
| <b>Hættuleg niðurbrotsefni:</b>    | Við eldsvoða geta myndast eitrefni við bruna og niðurbrot. |

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

|                             |  |
|-----------------------------|--|
| <b>Innöndun:</b>            | Lítil eitrunarhætta við venjlegar aðstæður.<br>Byggt á rannsóknnum með efni svipuð að byggingu.<br>Innöndun gufu í miklu magni getur valdið svima, sljóleika og höfuðverk, auk skaða á miðtaugakerfi og öndunarfærum.  |
| <b>Inntaka:</b>             | Eituráhrif lítil, byggt á fyrirliggjandi gögnum. LD50>15000 mg/kg.<br>Komist vökvi í lungu, getur það orsakað sýkingu eða lungnaþembu.   |
| <b>Snerting við húð:</b>    | Viðvarandi eða endurtekin snerting getur valdið ertingu. LD50>2000 mg/kg.<br>Endurtekin eða langvarandi snerting getur affitað húð.<br>Byggt á rannsóknnum með efni svipuð að byggingu.  |
| <b>Snerting við augu:</b>   | Ertir augu. Getur valdið sviða.<br>Byggt á rannsóknnum með efni svipuð að byggingu.  |
| <b>Önnur langtímaáhrif:</b> | Inniheldur n-hexan. Endurtekin eða langvarandi snerting við n-hexan getur orsakað vaxandi og mögulega óafturkræfan skaða á taugakerfi í úttaugakerfi (t.d. í útlimum). Sé jafnhliða snerting við metýletýl keton eða metýlísóbútýl keton, getur áhættan aukist gríðarlega. |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

|                       |  |
|-----------------------|--|
| <b>Visteiturhrif:</b> | Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.<br>Efnið er talið eitrað vatnalífrverum. Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
|-----------------------|--|

|                                    |  |
|------------------------------------|--|
| <b>Hreyfanleiki/dreifing:</b>      | Mjög rokgjarnt. Brotnar hratt niður í lofti.<br>Ekki er gert ráð fyrir að efnið sé í botnfalli eða þurrefni úrgangs. |
| <b>Þrávirkni og niðurbrot:</b>     | Efnið er talið brotna auðveldlega niður í náttúrunni.  |
| <b>Bráð eitrunaráhrif í vatni:</b> | L(E) C50>0, 1-1 mg/L   |
| <b>Önnur skaðleg áhrif:</b>        | Efnið er ekki talið hættulegt vatnalífverum.   |
| <b>Annað:</b>                      | Efnið inniheldur rokgjörn lífræn efni (VOC)  |

### 13. Förgun

|                 |   |
|-----------------|---|
| <b>Vara:</b>    | Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum.<br>Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.<br>Efnið má brenna í þar til gerðum búnaði.   |
| <b>Umbúðir:</b> | Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálf.<br>Tómar umbúðir geta innihaldið efnaleifar og skal því ekkert gera við umbúðir sem framkallað getur neista eða þrýstingsbreytingar. Skilið til viðeigandi móttökustöðvar.<br><br>Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :<br>08 XX XX. |

### 14. Flutningar

|                               | UN (SP)- nr. | Flokkur /<br>Hættunr. | Efnisheiti | Pökkunarflokkur | Varúðarmerking  | Sjávar- mengandi? |
|-------------------------------|--------------|-----------------------|------------|-----------------|---|-------------------|
| <b>Sjóflutningar: IMDG</b>    | 1208         | 3                     | Hexanes    | II              |  | Já                |
| <b>Flugfrakt: ICAO/IATA</b>   | 1208         | 3                     | Hexanes    | II              |   |                   |
| <b>Vegaflutn.: ADR-reglur</b> | 1208         | 3 / 33                | Hexanes    | II              |   |                   |

### 15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varúðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

**Varúðarmerki:** F, Xn, N



|                                |        |  |
|--------------------------------|--------|--|
| <b>Hættusetningar:</b>         | H11    | Mjög eldfimt   |
|                                | H38    | Ertir húð  |
|                                | H48/20 | Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun við langvarandi notkun   |
|                                | H51/53 | Eittrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni  |
|                                | H62    | Getur hugsanlega dregið úr frjósemi  |
|                                | H65    | Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku   |
| <b>Varúðarsetningar:</b>       | V2     | Geymist þar sem börn ná ekki til   |
|                                | V9     | Geymist á vel loftræstum stað  |
|                                | V16    | Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar  |
|                                | V33    | Gerði varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni  |
|                                | V36/37 | Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska  |
|                                | V43    | Notið, froðu, slökkviduft eða koldíoxíð við slökkvistarf   |
|                                | V57    | Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins  |
|                                | V60    | Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum  |
|                                | V62    | Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leiðið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |
| <b>Hættuleg innihaldsefni:</b> |        | <b>n-Hexan, Hexan (isomerablanda)</b>  |

### 16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

**Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:**

|        |   |
|--------|---|
| H11    | Mjög eldfimt  |
| H38    | Ertir húð   |
| H48/20 | Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun við langvarandi notkun  |
| H50/53 | Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni |
| H51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni      |
| H62    | Getur hugsanlega dregið úr frjósemi   |
| H65    | Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku                                |
| H67    | Innöndun gufu getur valdið sljóleika eða svima                                |
| H65    | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.                              |
| H66    | Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð                      |

**Varnaðarmerki innihaldsefna:**

|    |                      |
|----|----------------------|
| F  | Mjög eldfimt         |
| N  | Hættulegt umhverfinu |
| Xi | Ertandi              |
| Xn | Hættulegt heilsu     |

**Útgáfa:** 1.  
**Dags:** 24.01.2011

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

*Frumheimild:*

**CHEMEX PRODUCTS APS LEVERANDØRSBRUGSANVISING**

**EXXSOL HEXANE**

*Útgáfa:*

29.07.2009

*Kemur í stað:*